



8. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Fimmtudaginn 19. október 2006, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð í fjarveru Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2006-2007.
 - Helstu aðriði vegnar endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2006 og 2007.
 - Umræður um helstu framkvæmdir ársins 2007.
2. Kjördæmavika þingmanna í norðvesturkjördæmi.
3. Drög að reglum um leigulönd.
4. Dagur íslenskrar tungu.
5. Bréf frá samgönguráðuneyti.
6. Vinabæjarmót 2007.
7. Erindi frá Skipulagsstofnun.
8. Skipulagsmál.
9. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Fjárhagsáætlun 2006 og 2007.**
Liðnum frestað þar til síðar á fundinum.
2. **Kjördæmisvika þingmann í norðvesturkjördæmi.**
Bæjarráð leggur til að Jóna Fanney Friðriksdóttir og Valgarður Hilmarsson eigi fund með þingmönnum.
3. **Drög að reglum um leigulönd.**
Bæjarráð samþykkir drögin eins og þau liggja fyrir.
4. **Dagur íslenskrar tungu.**
Lagt fram til kynningar.
5. **Bréf frá samgönguráðuneyti.**
Þar er kynnt umhverfismat samgönguáætlunar 2007 – 2018.
Afgreiðslu frestað.
6. **Vinabæjarmót 2007.**
Vinabæjarmótið á að vera á Blönduósi næsta ár.
Bæjarráð vísar málinu til æskulýðs- og tómstundanefndar til frekari afgreiðslu.
7. **Erindi frá Skipulagsstofnun.**
Lagt fram til kynningar.
Samhliða lagðir fram frumuppdrættir að lagnaleið hitaveitu frá Reykjum og til Skagastrandar. Lagt fram til kynningar. Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við lagnaleið vegna hitaveitunnar.
8. **Skipulagsmál.**
Valdimar Guðmannsson óskaði eftir svohljóðandi bókun.
“Undirritaður leggur til að nú þegar verði brugðist við skorti á lóðum fyrir frístundabyggð innan bæjarins. Bent er á að mjög góður kostur er í boði í gamla bænum frá Hreppshúsinu að væntanlegri Þingbraut”.



Undir bókunina ritar Valdimar Guðmannsson. Verulegar umræður urðu um málefnið, samþykkt var að huga vel að frístundabyggð, sem og öðrum skipulagsmálum og reyna að hraða málum eins og kostur er.

1. Fjárhagsáætlun 2006 2007. Dagskrárliðurinn tekinn til umræðu og afgreiðslu.

Afgreiðslu á helstu atriðum vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2006 var frestað til næsta fundar. Umræður um helstu framkvæmdir ársins 2007. Farið yfir þær framkvæmdir sem hafnar verða á þessu ári og hafa verklok á næsta ári og hugsanlegar framkvæmdir 2007 sem hafin er undirbúningsvinna að.

9. Önnur mál.

- a. Snjómokstur: Bæjarráð samþykkti að samið yrði um snjómokstur með sama hætti og var á liðnu ári. Samþykkt að samið sé við sömu aðila og gert var 2005. Valdimar Guðmannsson óskar eftir því að fram komi að hann vill bjóða út snjómokstur til vinnuvélaeigenda í bæjarfélaginu.
- b. Ágúst Þór Bragason óskaði eftir því að fram verði lagt yfirlit yfir fjárhagsstöðu fyrstu 9 mánuði ársins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Héðinn Sigurðsson
Valgarður Hilmarsson
Ágúst Þór Bragason

Fundi slitið kl. 18:55.

Ragnar Ingi Tómasson

Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson